

ÝMSIR - BASSWERK SESSIONS #2 ★★★★★
 (BASSWERK) 21. 9. 2003

Skemmtileg safnplata frá **Basswerk** plötuútgáfunni sem inniheldur fjölbreytta blöndu af drum & bass tónlist – allt frá sei g mjúku liquid fönki til steinharðrar techstep keyrslu. Ég efast um að margir á Íslandi kannist við þá listamenn sem eiga lög á plötunni, nema þá kannski The Green Man (TGM) sem hefur verið duglegur að koma frá sér flottri tónlist m.a. í samvinnu við Klute. Auk hans leggja Taxidriver, ICR, Jonathan Baker, Diz:Play o.fl. til lög á plötuna. **Basswerk Sessions #2** er vel þess virði að athuga betur og mæli ég með að lögin "Feb 21st" með The Green Man & Cytech, "Don't Let Me..." með Konrad & Coda og hið eiturskemmtilegi poppari "Giana Brotherz" með Giana Brotherz fái nánari skoðun hjá d&b hausum klakans. Ef þið eigið í einhverjum vandrægum með að ná ykkur í eintak þá er platan, líkt og flest önnur góð d&b tónlist frá Þýskalandi, fáanleg á vefplötubúðinni **www.drumandbass.de**. -Eldar



Engar notenda umsagnir hafa borist - Skrifu umsögn